

**S a m þ y k k t i r**  
**fyrir einkahlutafélagið**  
**Fasteignir Háskóla Íslands ehf.**

---

**Nafn og heimili félags**

**1. gr.**

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Fasteignir Háskóla Íslands ehf. Heimili félagsins er í Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík. Félagið er stofnað með heimild í 6. gr. fjárlaga 2021, sbr. lið 5.17

**Tilgangur, markmið og hlutverk félags**

**2. gr.**

Tilgangur félagsins er fara með eignarhald og umsýslu á þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýttir í starfsemi sinni. Skulu fasteignirnar nýttar í þágu Háskóla Íslands, bæði hvað varðar kennslu, vísindarannsóknir og nýsköpun.

Miðað er við að félagið fari einnig með eignarhald á landi og önnur lóðarréttindi vegna byggingarreita sem nýttar hafa verið til háskólastarfsemi og tengdrar starfsemi á háskólasvæðinu við Vatnsmýri í samræmi við samkomulag milli borgar og ríkis um lóðir Háskóla Íslands frá 1. september 2014. Háskóli Íslands skal hins vegar vera skráður umráðaðili og afnotahafi fasteigna og lóða sem nýttar eru undir starfsemi hans.

Meginmarkmið félagsins skulu vera eftirfarandi:

- a. Að eignaumsýsla verði fagleg og uppfylli þær almennu kröfur sem gerðar eru til fasteigna- og framkvæmdamála á vegum ríkisins.
- b. Að leigugjald verði gagnsætt og taki mið af leiguverði sambærilegra eigna á markaði.
- c. Að tryggja að góð tengsl séu við stjórnsýslu Háskóla Íslands.
- d. Að efla samstarf við aðrar stofnanir, einkum Ríkiseignir og Framkvæmdasýslu ríkisins, um örugga og hagkvæma umsýslu eigna.

Félagið hefur það hlutverk að leigja fasteignir til háskólans sem miðast við eðlilegt endurgjald eða raunkostnað við fasteignarekstur. Markmið fyrirkomulagsins er að uppfylla þau grunnsjónarmið sem koma fram í lögum um opinber fjármál um sérhæfða eignaumsýslu og fjárhagslegt gagnsæi við húsnæðisrekstur ríkisins.

Félagið skal fara eftir þeirri málsmeðferð sem gildir um skipan opinberra framkvæmda og gæta að fullnægjandi undirbúnungi, áætlunargerð, útboðum, framkvæmdum og skilamati einkum vegna nýbyggingar- og endurbótaverkefna. Þá skal félagið fara að viðmiðum og leiðbeiningum ríkisins með tilliti til gæða, umhverfismála, þarfagreiningar og menningarstefnu í mannvirkjagerð.

JAB  
BMM

Félaginu er jafnframt heimilt að leigja húsnæði af þriðja aðila sem nýtist í þágu Háskóla Íslands. Í því skyni að ná tilgangi sínum er félaginu m.a. heimilt að byggja, kaupa, leigja og reka fasteignir fyrir Háskóla Íslands.

Ekki má selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum félagsins, þ.m.t. á landi eða lóðum, né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagheimild. Miðað er við að söluleimildar verði aflað í fjárlögum hvers árs með sama hætti og gildir um almennar sölur á fasteignum ríkisins.

Félaginu er þó heimilt að leigja fasteignirnar til þriðja aðila að því marki sem slíkt samrýmist hagsmunum Háskóla Íslands og skal þar einkum horft til hátnifyrirtækja, stofnana, sérhæfðra rannsóknastofa, sprotafyrirtækja og annarrar starfsemi, sem er í þágu Háskóla Íslands. Í samræmi við tilgang félagsins er einnig heimilt að fela félaginu að fara með eignarhald og rekstur fasteigna sem Háskóli Íslands fær að gjöf.

Félaginu er heimilt að taka lán sé það metið hagkvæmt fyrir framgang verkefna félagsins. Lántaka er háð því skilyrði að ríkissjóður veiti félaginu lán eða veiti ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila.

Hagnaði af eignum félagsins skal ráðstafað í þágu tilgangs félagsins eins og hann er skilgreindur. Öheimilt er að taka hagnað eða arð út úr félaginu.

Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun dótturfélaga og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t eignarhlut Háskóla Íslands í Vísindagörðum Háskóla Íslands ehf. Verði Vísindagarðar Háskóla Íslands gerðir að dótturfélagi skal í samþykktum þess félags koma fram að háskólaráð Háskóla Íslands tilnefni stjórnarmenn félagsins.

Að öðru leyti, en takmarkað er í samþykktum þessum, er félaginu heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

### **Hlutafé félagsins, fyrirsvar o.fl.**

#### **3. gr.**

Hlutafé félagsins er að nafnvirði kr. 10.000.000,- (tíumilljóníkróna).

Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þar af. Hlutar skulu hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut.

Hlutafé veita hluthafa full réttindi sem samþykktir þessar og lög um einkahlutafélög mæla fyrir um.

Allt hlutafé er í eigu ríkissjóðs.

Fyrirsvar eignarhluta ríkisins í félaginu skiptist milli háskólaráðs og fjármála- og efnahagsráðherra. Háskólaráð fer með fyrirsvar með 60% hluta og fjármála- og efnahagsráðherra fer með fyrirsvar 40% hluta. Skipt fyrirsvar er ákvarðað með vísun til 26. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla.

TANZ DM

Á grundvelli stofnsamnings um stofnun félagsins veitir fjármála- og efnahagsráðherra háskólaráði umboð til að tilnefna menn til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt í samræmi við fyr nefnt fyrirsvarshlutfall háskólans.

#### **4. gr.**

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar að fenginni heimild í fjárlögum, m.a. um það sem nemur framlagi úr Happdrætti Háskóla Íslands.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Ef hlutafé félagsins er lækkað til greiðslu til hluthafa, skulu þeir fjármunir nýttir í þágu tilgangs félagsins eins og hann er skilgreindur.

#### **5. gr.**

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu.

#### **6. gr.**

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

### **Hluthafafundur.**

#### **7. gr.**

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

#### **8. gr.**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga.

#### **9. gr.**

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hluthafa í ábyrgðarbréfi eða tölvupósti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund og aðra hluthafafundi skal boða með minnst sjö sólarhringa fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækir hluthafi. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum.

Formaður félagsstjórnar stjórnar hluthafafundum eða skipar til þess sérstakan fundarstjóra. Jafnframt tilnefnir hann fundarritara. Fundarstjóri sker úr ágreiningi um lagaatriði sem kunna að koma upp á fundinum.

### **10. gr.**

Hluthafi getur með skriflegu umboði veitt umboðsmönum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið skal vera skriflegt og dagsett.

Háskólaráð tilnefnir menn sem hluthafi veitir umboð til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt í samræmi við fyrirsvar háskólaráðs á 60% hluta í féluginu.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Tillögum um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

### **11. gr.**

Á dagskrá aðalfundar skal taka eftirfarandi mál til meðferðar:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemendum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og framlög í varasjóð.
4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram til staðfestingar
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Ákvörðun um laun stjórnar á komandi starfsári.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

### **12. gr.**

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum. Fundargerðin skal lesin upp í fundarlokk, óski hluthafi eftir því.

## **Félagsstjórn**

### **13. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef þess er óskað.

Háskólaráð Háskóla Íslands tilnefnir þrjá aðalmenn og einn til vara. Fjármála- og efnahagsráðherra tilnefnir two aðalmenn og einn til vara.

Í aðdraganda aðalfundar skulu rektor fyrir hönd háskólaráðs og fjármála- og efnahagsráðherra eiga samráð um skipan stjórnar. Við tilnefningu á einstaklingum í stjórn

Bm  
JAB

skal horft til þess að stjórin sé ávallt skipuð hæfum einstaklingum með fjölbreytta og haldgóða reynslu eða þekkingu sem hæfir félagini og þjóni sem best hagsmunum þess. Gæta skal að samsetningu stjórnar með tilliti til hæfni stjórnarmanna og sem jöfnustu kynjahlutfalli við tilnefningu í stjórn félagsins.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er leggja áherslu á gott samráð og samvinnu við helstu hagsmunaaðila þeirra verkefna sem félagini er ætlað að sinna.

Stjórn skal horfa til almennar eigandastefnu ríkisins fyrir hlutafélög og sameignarfélög varðandi rekstur og stjórnarhætti félagsins.

#### **14. gr.**

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

#### **15. gr.**

Stjórnin skiptir með sér verkum og skal hún kjósa sér formann og varaformann. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

#### **16 gr.**

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Þeir skulu jafnframt upplýsa stjórn um hagsmunatengsl eða önnur atriði sem eru til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa.

#### **17. gr.**

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Megin skyldustörf félagsstjórnar eru:

1. Að ráða framkvæmdastjóra, semja um ráðningarkjör hans og ákveða starfslýsingu.
2. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins. Sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
3. Að taka meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, að eigin frumkvæði eða estir tillögu framkvæmdastjóra.<sup>1</sup>
4. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
5. Að hafa samstarf við framkvæmdastjóra um ráðningu annarra helstu starfsmanna félagsins.
6. Að veita prókúruumboð fyrir félagið.

7. Að ráða fram úr öðrum málum sem hún telur nauðsyn á hverju sinni.

### **18. gr.**

Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins.

### **Framkvæmdastjóri**

#### **19. gr.**

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.

Framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri félagsins og skal í þeim eftir óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn allrar daglegrar starfsemi félagsins, hefur ákvörðunarvald um öll rekstrarleg og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Hann skal vinna að stefnumótun og áætlunum um eflingu starfseminnar og leita jafnframt nýrra leiða til að bæta hag þess.

Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart félagsstjórn á hinum daglega rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum m.a. að því er varðar lögbundin verkefni félagsins. Hann skal í störfum sínum hafa náið samráð við formann stjórnar og upplýsa hann um þýðingarmikil mál er félagið varða.

Framkvæmdastjóri sér um reikningshald félagsins. Stjórn félagins setur honum nánari starfslýsingu. Honum ber að veita stjórmarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir.

### **Reikningar og endurskoðun.**

#### **20. gr.**

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn endurskoðanda. Skal endurskoðandinn rannsaka allt reikningshald og reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund.

Skal gera tillögu um að ríkisendurskoðandi endurskoði reikninga félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

#### **21. gr.**

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Reikningurinn skal þá afhentur endurskoðanda félagsins til endurskoðunar.

Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreikninga eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, ber honum þá að senda hann til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðanda og skulu þau og athugasemdirnar liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi a.m.k. viku fyrir aðalfund.

### **Breytingar á samþykktum félagsins**

#### **22. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi. Óheimilt er að breyta samþykktum þessum nema með samþykki bæði Háskóla Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra sem fara sameiginlega með fyrirsvar eignarhalds.

#### **Slit félagsins.**

#### **23. gr.**

Með tillögu um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum.


#### **Almenn ákvæði.**

#### **24. gr.**

Þar sem ákvæði samþykktar þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins í Reykjavík dags. 29. júní 2021

f.h. Ríkissjóðs Íslands  
  
 Jón Ásmundur  
 Benediktsson  
 fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. háskólaráðs Háskóla Íslands  
  
 Jón Ásmundur  
 Benediktsson  
 rektor

